



Reykjavík, 2. júní 2025

AÐALFUNDUR SPES BARNAHJÁLPAR – ÍSLANDSDEILD

SKÝRSLA STJÓRNAR 2024

Kæru félagar, styrktaraðilar og góðir gestir,

Fyrir fjórum árum síðan hafði ég ekki minnstu hugmynd um að ég ætti eftir að standa í þessum ræðustól í dag og gera skil fyrir hönd Spes Barnahjálpar á Íslandi, sem formaður samtakanna. Hvað þá um leið sem varaformaður fyrir Spes International – en málefnið tók fljótt yfirhöndina þegar streitan gerði vart við sig og hér erum við. Og lítið vissi ég um Tógó, en maður er fljótur að læra og tengslin voru þegar einstaklega sterk á milli landa.

Eins og þið vitið öll, hóf SPES störf um aldamót og býr enn að kraftinum og hugsjónunum sem voru þar að verki. Virk samkennd og framkvæmdasemi hafa ávallt einkennt starfsemi SPES og árangurinn hefur verið fallegur vitnisburður um að hún skilaði sér sem skyldi, til barnanna. Þrátt fyrir það, má aldrei gleyma að þessu verkefni lýkur aldrei, vegna þess einfaldlega að fátæktin og ömurleg lífsskilyrði hverfa bara því miður aldrei og börnin verða sífellt fyrstu fórnalömbin.

Á þessum 25 árum hefur margt breyst í heiminum. Mörg fjársterk samtök (sem betur fer) reyna að létta fargi sem hvílir svo þungt á þessum vegalausum börnum víðs vegar um heiminn, og mjög margir

Íslendingar eru styrktarforeldrar hjá öflugum heimssamtökum, sumir hafa líka haft frumkvæðið af afmörkuðum en oft vel heppnuðum verkefnum í ýmsum löndum. Bilið hefur þó stækkað á milli Vesturlanda og landanna sem eru neðst á skala lífsgæða og einstaklingshyggja svo og efnishyggja eru orðnar allt of áberandi í nútímasamfélaginu. Spes International í samstarfi við Spes Togo treystir á styrktarforeldra en líka nú orðið töluvert á styrktaraðila sem eru ekki að styrkja eitt barn heldur verkefni fyrir öll börnin, eins og var gert í upphafi og það leyfði okkur að byggja húsin og reka þau. Um allan heim fara greiðslur frá styrktarforeldrum lækkandi, skuldbindingin er nefnilega til margra ára en í kringum okkur er heimurinn ekki lengur eins stöðugur og var. Þessar hugleiðingar þurfa að festast í hug okkar: Spes, hvort sem það er Spes International, Spes Togo, Spes Ísland, Austurríki eða Frakkland – þarf að horfast í augu við það að heimurinn er breyttur, það er komið að kynslóðaskiptum bæði hjá börnunum sem og styrktaraðilum sem þýðir að það þurfi að byggja nýja framtíðarsýn á þessum sterka grunni sem frumkvöðlarnir hafa afhent okkur, og sem hefur gefist svo vel. Bara það að þekkja nánast öll börnin með nafni, að geta fylgt þeim eftir alla leið í starfsmenntun eða háskóla sýnir að tengslin eru sterk og persónuleg. En við þurfum að nota hugmyndaflug til að skapa raunhæfa framtíð. Það er erfitt verkefni fyrir okkur, sem verður að útfæra með auðmýkt, virðingu og festu. Við eru einmitt þar í dag. Og andi 2008 í peningamálum er nú fortíð...

Það kostar um það bil 220.000 € á ári að reka þessi heimili í Lomé og Kpalimé, og þar búa á milli 165 og 180 börn á öllum aldri, með starfsfólki sem sér um þau. Yfirvöld í landinu krefjast þess að starfsemi sem snýst að unglingunum sem hafa náð 18 ára að aldri (og til hæst 24 ára) sé aðskilin frá barnaheimilunum og hefur þetta haft ýmislegt í för með sér varðandi reksturinn og greiðslu úr menntunarsjóði til unglinganna. Raunkostnaður fyrir hvert barn á heimilinu er um 100 € (verðbólga er þar um 12% á ári) og til

samanburðar er sá kostnaður 223 € hjá SOS Barnaþorpum.

Styrktarforeldrar sem greiða 80€ eru sem sagt helsta stoð Spes barnahjálpar. Í 25 ár höfum við styrkt mjög myndarlega starfsemina. Nú þurfum við að fá fleiri „foreldra“ en einnig finna fleiri aðila sem væru tilbúnir í að styrkja ákveðin verkefni, eins og Austurríki hefur gert aðtöluverðu leyti (garðar fyrir grænmeti, bækur fyrir heimalestur til dæmis).

Í byrjun árs 2022 sóttum við um styrk hjá Þróunarsamvinnuskrifstofu Utanríkisráðuneytisins til að kynna starfsemi Spes Barnahjálpar hér á landi og var það gert bæði í Kringlunni og með góðum kynningarfundum í Safnaðarheimili Neskirkju þar sem við erum í kvöld. Skúli Ólafsson sóknapresturinn hefur reynst okkur ötull stuðningsmaður í verki og erum við honum ævinlega þakklát. Við þökkum einnig sérstaklega einum stjórnarmeðlimi sem í dag er hætt í stjórn, Hrefnu Hallgrímsdóttur betur þekkt sem Skríttla, og er það henni að þakka að styrkurinn sem við fengum 2022 nýttist í botn – það vel að við enduðum með að skila helmingnum til baka því við þurftum ekki að greiða fyrir megin hluta auglýsingakostnaðarins.

Við kynntum á aðalfundi í fyrra „Broskalla“ verkefnið, sem Gunnar Stefánsson Prófessor í Háskóla Íslands og með stuðningi Hringfarans sem fjármagnar spjaldtölvurnar, stjórnar. Kristín okkar Jónsdóttir og Guðný Einarsdóttir tóku með sér fyrstu tölvurnar um síðustu jól og er verkefnið komið í gang. Mathy verkefnastjóri hjá Spes Tógó og Elysée, fv. vistmaður hjá Spes Tógó og nýráðinn þar í vinnu, fylgja verkefninu eftir og börnin hafa sýnt því mikinn áhuga. Kennd er stærðfræði en árangurinn mun hafa áhrif á lærdóm almennt og þar með á skólagöngu barnanna sem er í dag og í heild afar slök.

Okkar markmið með umsókn til Þróunarsamvinnustofnunar var að fá 20 styrktarforldra í viðbót – og við náðum því, þótt það þýddi ekki að 20 börn bæstust við því fleiri en einn geta styrkt 1 barn. 26 börn hafa íslenska styrktarforeldra og 15 í viðbót eru styrkt af Spes Ísland, beint úr styrktarsjóði okkar. Og nokkur til viðbótar eru styrkt af báðum

vegna ýmissa ástæðna. 18 af börnunum okkar frá upphafi hafa útskrifast og 2 munu útskrifast á árinu – og ein stúlka stundar í dag nám í tölvufræði í Háskóla Íslands. 67 börn hafa sem sagt frá upphafi fengið frá okkur betri möguleika til að spjara sig á lífsleiðinni og njóta þess enn.

Í ár (2025) hefur Þróunarsamvinnuskrifstofan auglýst á ný umsóknarferli fyrir hjálparsamtök sem stjórna verkefni með ákveðnum skilyrðum í þróunarlöndum og við sóttum um. Tvennt var sérstaklega aðkallandi: bíllinn (Toyota Hyacé) sem var kostaður af okkur 2011 var kominn til ára sinna og var fargað, og loka varð leiksvæðunum bæði í Kpalimé og Lomé þar sem leiktækin voru hreinlega hættuleg börnum. Umsókn okkar snérist þá um að fá nýjan bíl fyrir Kpalimé og kosta viðgerð á leiktækjunum í Lomé. Það gekk mjög vel að fá kostnaðaráætlun frá Tógó og við sóttum um 5.8 milljóna kr. styrk fyrir bæði bílinn (Toyota Hilux pick up) og leiksvæðið í Lomé. Við þurfum að finna styrktaraðila fyrir leiksvæðið í Kpalimé, sem er stærra verkefni og þar sem kostnaðaráætlun skilaði sér ekki í tíma. Við fáum svar í þessum mánuði og bíðum mjög spennt. Í millitíðinni höfum við tekið að okkur leigu á samsvarandi bíl í 10 daga því einmitt núna þarf Spes Kpalimé að hitta allar fjölskyldur unglinganna. Hægt var einnig (einkaframtak) að kosta eina tölvu sem var skilyrði til að loksins setja upp bókhald með aðstoð endurskoðanda.

Í október 2024 kom ný stjórn til starfa í Spes International og báðir formaðurinn og varaformaðurinn sem höfðu stjórnað í 10 ár, stigu niður og ný stjórn var mynduð, fyrst um sinn til 1 árs. Þar erum við tvær frá Spes Ísland, Kristín Jónsdóttir sem er ritari og ég, sem varaformaður – og formaðurinn frá Spes Austurríki, Dominique Luquet, er gestur okkar í kvöld. Á þessum fáum mánuðum höfum við reynt að koma ferlinu og rekstrinum í betra horf, nýjir forstöðusmenn (báðar konur sem hafa mikla reynslu af SOS barnaþorpum) hafa tekið við í þorpunum í Tógó, og töluverð endurnýjun hefur átt sér stað. Það

er ótrúlega margt sem verður á dagskrá stjórnarinnar þar á bæ, og sömuleiðis hjá okkur hér heima, til að halda áfram að gefa vegalausum börnum tækifæri til að komast upp úr gildrum fátæktarinnar.

Hér á eftir gerir Snjólaug Steinarsdóttir gjaldkeri Íslandsdeildar SPES okkur grein fyrir traustum fjárhag Íslandsdeildar SPES. Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf og við lítum björtum augum fram á næsta ár.

Ég hef þá lokið flutningi á skýrslu stjórnar og orðið er laust.

Dominique Plédel Jónsson

Formaður SPES Barnahjálpi – Íslandsdeildar

Varaformaður SPES International

Reykjavík, 2.6.2025